

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Fitjar, Innri-Njarðvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar, frá 28. mars 1996.

Breytingin nær til alls skipulagðs svæðis Reykjanesbæjar austan Njarðvíkurfitja og norðan Reykjanesbrautar. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Brimvarnargarður færirst til norðurs og fallið er frá vegtengingu yfir Njarðvík.
- Mislæg gatnamót við Reykjanesbraut eru færð austar.
- Breytingar eru gerðar á gatnakerfi svæðisins.
- Íbúðarsvæði er stækkað til austurs.
- Breytingar eru gerðar á afmörkun flestra landnotkunarreita á skipulagssvæðinu.
- Gert er ráð fyrir tengdri mannvirkjagerð á opnum svæðum til sérstakra nota merktum Ú17 og Ú18.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.